



## Vöktun verndarsvæða árið 2025 á Austurlandi



Margrét Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir  
og Kolbrún Sverrisdóttir



## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

<b>Skýrsla nr:</b> NA-250280	<b>Dags:</b> Desember 2025	<b>Dreifing:</b> Opin
<b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b> Vöktun verndarsvæða árið 2025 á Austurlandi		<b>Síðufjöldi:</b> 19
		<b>Upplag:</b> aðgengileg á <a href="http://www.na.is">www.na.is</a>
<b>Ljósmyndir á forsíðu:</b> Guðrún Óskarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ágústsdóttir, Kolbrún Sverrisdóttir		<b>Fjöldi korta:</b> Kort eru myndir í skýrslu.
		<b>Fjöldi viðauka:</b> 0
<b>Höfundar:</b> Margrét Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Sverrisdóttir.		
<b>Unnið fyrir:</b> Náttúrufræðistofnun		
<b>Útdráttur:</b> <p>Árið 2025 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar (NÁTT, áður NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Fyrstu tvö árin var aðal áherslan lögð á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæða sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilþætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÁTT. Sumarið 2025 var því bæði lögð áhersla á vöktun ferðamannastaða sem og vöktun á lykilþáttum íslenskrar náttúru.</p> <p>Árið 2025 sinnti Náttúrustofa Austurlands (NA) mælingum á fimm gróðursniðum í Fagradal á Brúaröræfum. Á Úthéraði voru mófuglar taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Strandfuglar voru taldir utan varptíma í Beru-firði og á Breiðdalsvík. Sleðbrjótsmelar í Jökulsárhlíð voru heimsóttir og svæðið umhverfis þá metið m.t.t. álags á jarðminjar. Þá var gönguleið frá Viðfirði yfir í Vöðlavík á Gerpissvæðinu ásamt svæðunum í kringum Fardagafoss á Fjarðarheiði og Ysta-Rjúkanda á Jökuldal heim-sótt m.t.t ferðamannaálags. Þar að auki fengust gögn frá landvörðum við Helgustaðanámu, í Kverkfjöllum og á Teigarhorni sem sinntu endurtekinni myndvöktun. Vöktun á hagamúsum hélt áfram í Egilsstaðaskógi. Öllum gögnum var skilað í gagnagrunn NÁTT og myndum ásamt lýsingu hlaðið upp í gagnagrunn NÁTT í gegnum forritið <i>fotoware</i>. Þá var öllum myndum sem teknar voru með flygildi einnig skilað inn til frekari myndvinnslu.</p> <p>Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi árið 2025.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Lykilþættir íslenskrar náttúru, verndar-svæði, vöktun, ferðamannastaðir, gróðursnið, mófuglar, vatnafuglar, skúmur, strandfuglar, hagamús, jarðminjar		<b>ISSN</b> (rafræn útgáfa): ISSN 2547-7447
<b>Yfifarið:</b> KÁ		<b>ISBN</b> (rafræn útgáfa): ISBN 978-9935-543-30-1

## Efnisyfirlit

Myndaskrá .....	4
Töfluskrá .....	4
1. Inngangur .....	5
2. Verkáætlun .....	5
3. Vistgerðir á landi .....	6
4. Fuglar .....	7
4.1 Mófuglar .....	7
4.2 Vatnafuglar .....	8
4.3 Skúmur .....	9
4.4 Strandfuglar .....	10
5. Jarðminjar .....	10
5.1 Sleðbrjótsmelar í Jökuldal .....	10
6. Ferðamannastaðir .....	11
6.1 Kreppulindir .....	11
6.2 Gerpissvæðið .....	12
6.3 Ysti-Rjúkandi .....	13
6.4 Fardagafoss .....	14
6.5 Önnur svæði .....	15
7. Hagamýs .....	16
8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna .....	18

## Myndaskrá

1. mynd. Staðsetning gróðursniða í Fagradal á Brúaröræfum sumarið 2025. ....	6
2. mynd. Staðsetning mófuglasniða á Úthéraði þar sem punkttalningar fóru fram. ....	7
3. mynd. Staðsetning 29 talningarpunkta þar sem vatnafuglar voru taldir á Úthéraði. ....	8
4. mynd. Skúmsungi á varpsvæðinu í Húsey. ....	10
5. mynd. Yfirlitsmyndir úr flygildi af fjölbreyttu jökullandslagi Sleðbrjótsmela. T.v. sjást vatnsfyllt jökulker og t.h. sést jökulsorfin klöpp.....	11
6. mynd. Loftmyndir af Kreppulindum þar sem m.a. sést hvernig ferksvatnið kemur undan úfnu hrauninu (t.v.) og hvernig ferksvatnið mætir Jökulsá á Fjöllum (t.h.). ....	12
7. mynd. Efri myndir: Efri myndir: Víða sást ekki marka fyrir stígnum (t.v.) en þegar ofar á gönguleiðinni var komið sást marka betur fyrir stígnum (t.h.). Neðri myndir: T.v. traðk í Nónskarði og gróðurhula farin á stóru svæði. T.h. útsýni til norðurs frá gönguleiðinni. ....	13
8. mynd. Yfirlitsmynd tekin með flygildi sýnir þann mikla fjölda hentistíga sem liggur ár megin við lagða stíginn.....	13
9. mynd. Samanburður á myndvöktunarpunktum milli áranna 2021 og 2025. Ennþá er mikið traðk utan stíga á svæðinu og ekki að sjá að ástandið hafi batnað neitt milli áranna.....	14
10. mynd. T.v. mynd af stiganum árið 2025 og t.h. frá sama sjónarhorni árið 2021. Efsti hluti stigans hefur skolast í burtu. ....	15
11. mynd. Staðsetning gildrustöðva merktar með bókstaf A-J og númeri 1-10. ....	16
12. mynd. T.v. Búið að opna gildru ofan í kælibox og músin vigtuð. T.h. Ítarlegri skoðun fer fram. ....	17
13. mynd. Myndir úr vettvangs myndavélunum. ....	17

## Töfluskrá

Tafla 1. Verkáætlun vöktunarpátta á Austurlandi árið 2025. ....	5
Tafla 2. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð. ....	9

# 1. Inngangur

Árið 2025 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar (NÁTT, áður NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Fyrstu tvö árin var aðal áherslan lögð á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæði sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilþætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÁTT. Sumarið 2025 var því bæði lögð áhersla á vöktun ferðamannastaða sem og vöktun á lykilþáttum íslenskrar náttúru.

Árið 2025 sinnti Náttúrustofa Austurlands (NA) mælingum á fimm gróðursniðum í Fagradal á Brúaröræfum. Á Úthéraði voru mófuglar taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt tvisvar sinnum. Strandfuglar voru síðan taldir utan varptíma í Berufirði og á Breiðdalsvík. Sleðbrjótsmelar í Jökuldal voru heimsóttir og svæðið kannað m.t.t. jarðminja og álags á þær og á Gerpissvæðinu var gönguleiðin frá Viðfirði yfir í Vöðlavík skoðuð auk gönguleiða við Ysta-Rjúkanda og Fardagafoss m.t.t ferðamannaálags. Þar að auki voru landverðir virkjaðir í Kverkfjöllum, á Teigarhorni og við Helgustaðanámu til að fylgjast með ágangi ferðamanna innan sinna friðlýstu svæða. Haustið 2023 hófst vöktun á hagamúsum í Egilsstaðaskógi og hélt sú vöktun áfram árið 2025.

Öllum gögnum var skilað í gagnagrunn NÁTT nema fugla- og músagögnum sem var skilað á excel formi til Borgnýjar og Esterar hjá NÁTT. Myndum ásamt lýsingu var hlaðið upp í gagnagrunn NÁTT í gegnum forritið *fotoaware*. Þá var öllum myndum sem teknar voru með flygildi einnig skilað inn til frekari myndvinnslu.

Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi árið 2025.

## 2. Verkáætlun

Unnið var eftir samstarfssamningi NÍ og NA um vöktun náttúruverndarsvæða 2023–2025. Var þetta þriðja árið og jafnframt það síðasta þar sem unnið var eftir þessum samningi. Samkvæmt samningnum sem undirritaður var þann 24. maí 2023 tók NA að sér 18 verkefni árið 2025 sem skiptust í vistgerðir á landi, fugla, hagamýs, jarðminjar og ferðamannastaði (Tafla 1).

Tafla 1. Verkáætlun vöktunarþátta á Austurlandi árið 2025.

Austurland 2025	Vistgerðir á landi	Fuglar	Hagamýs	Jarðminjar	Ferðamannastaðir
Fagradalur á Brúaröræfum - gróðurreitir	5				
Úthérað - vatnafuglar		1			
Úthérað - mófuglar		1			
Úthérað - skúmur		1			
Berufjörður og Breiðdalsvík - Standfuglar		1			
Egilsstaðaskógur - hagamýs			1		
Sleðbrjótsmelar				1	
Kreppulindir					1
Gerpissvæði - Vöðlavík í Viðfirði					1
Ysti-Rjúkandi					1
Fardagafoss					1
Kverkfjöll					1
Teigarhorn					1
Helgustaðanáma					1
<b>Heildarfjöldi verkefna</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>7</b>

### 3. Vistgerðir á landi

Í takt við beiðni NÍ gerði NA áætlun um vöktun gróðurvistgerða til fimm ára (2023–2027) þar sem tekin verða fyrir 25 snið á Austurlandi. Vöktunin snýr að því að endurmeta gróður í sniðum sem voru sett út af Náttúrufræðistofnun og síðast mæld árið 1999. Til að lágmarka ferðakostnað var miðað við að gera úttekt á gróðursniðum innan afmarkaðra landsvæða ár hvert. Sumarið 2025 sinnti NA því gróðurmælingum á fimm sniðum í Fagradal á Brúaröræfum (1. mynd), dagana 16. og 17. júlí. Reynt var að velja gróðursnið eins dreift og hægt var án þess að velja þau snið sem voru mjög langt frá vegslóðum. Sniðin fimm eru eftirfarandi (heiti miðast við heiti í gagnagrunni NÍ):

1. FA9-1 (Víðimelavist)
2. FD1-8 (Lyngmóavist á hálendi)
3. FG2-1 (Rekjuvist)
4. FG2-5 (Lyngmóavist á hálendi)
5. FT10-3 (Víðimóavist)

Tveir reitir flokkast sem lyngmóavist á hálendi (FD1-8 og FG2-5) en það er vistgerð sem hefur hátt verndargildi.



1. mynd. Staðsetning gróðursniða í Fagradal á Brúaröræfum sumarið 2025.

Til voru eldri gögn fyrir öll sniðin fimm, m.a. hnit fyrir upphafs- og endapunkt. Gengið var í upphafshnit og 40 m langt snið lagt út í endapunkt. Vegna þeirrar skekkju sem vænta má við notkun hnita voru einnig notaðar gamlar ljósmyndir frá NÍ til þess að tryggja að sniðin væru lögð út á sama stað og við fyrri mælingar, eða sem næst því. Ný hnit voru tekin við upphafs- og endapunkt. Breidd sniða voru afmörkuð með járnþinum, 5 m út frá miðlínu og yfirlitsmyndir teknar. Smáreitir voru lagðir út samkvæmt upplýsingum á stöðluðu eyðublaði frá NÍ og eyðublaðið fyllt út fyrir hvern reit. Mælingar fóru fram í sex smáreitum í hverju sniði og ljósmyndir voru teknar af öllum smáreitum. Allar æðplöntutegundir sem fundust innan smáreita voru skráðar og þekja þeirra metin samkvæmt þekjuskala Braun-Blanquet. Á sama hátt var skráð þekja ógróins yfirborðs og heildarþekja mosa og fléttna. Mæld var hæð gróðurs, jarðvegsþykkt og halli lands metinn. Þá voru jarðvegssýni tekin við fyrsta, þriðja og síðasta smáreit. Sýnin voru þurrkuð og send til NÁTT í lok sumars.

## 4. Fuglar

### 4.1 Mófuglar

Punkttalningar á mófuglum fóru fram einu sinni á níu sniðum á Úthéraði dagana 12., 13., 16. og 20. júní. Náttúrustofan hefur talið mófugla í punkttalningum í fimm sniðum á Úthéraði árlega frá árinu 2009 og bættust fjögur ný snið við fyrri vöktun sumarið 2022 vegna vöktunar verndarsvæða (2. mynd). Viðbótarsniðin fjögur höfðu þó öll verið talin áður á einhverjum tímavörðum árin 2012–2014, sem hluti af NATURA verkefni NÍ. Gengið var á milli punkta og fuglar taldir á hverjum punkti í nákvæmlega 5 mínútur. Allir fuglar sem sáust innan 200 m fjarlægðar frá athuganda voru greindir til tegunda og skráðir. Fjarlægð í hvern fugl var mæld með fjarlægðarmæli og var atferli fuglsins einnig skráð til að meta hvort um varþfugl væri að ræða. Fjórar algengustu tegundirnar voru; þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og spói.



2. mynd. Staðsetning mófuglasniða á Úthéraði þar sem punkttalningar fóru fram.

## 4.2 Vatnafuglar

Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum á sömu 29 stöðunum og árin áður, á og við aðgengileg vötn, tjarnir og ár á Úthéraði (3. mynd).



3. mynd. Staðsetning 29 talningarpunkta þar sem vatnafuglar voru taldir á Úthéraði.

Fyrri ferð var farin 30. maí til að meta fjölda varpfugla og seinni ferð þann 7. ágúst til að meta ungaframleiðslu. Alls sáust samtals 21 tegundir í báðum talningunum. Í maí sáust alls 454 einstaklingar af 20 tegundum en 722 einstaklingar af 18 tegundum í ágúst. Grágæsir, skúfendur og álftir voru algengastar í júní, en grágæsir, rauðhöfðaendur og álftir í ágúst (Tafla 2). Í seinni talningunni var greint á milli ungfugla og eldri einstaklinga og reyndust ungar vera um 23% af töldum fuglum.

Tafla 2. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð.

Tegund	Fjöldi 30.05.2025	Fjöldi 07.08.2025
Álft	48	94
Heiðagæs	2	
Grágæs	97	191
Stökkönd	9	10
Grafönd	9	57
Rauðhöfðaönd	28	151
Urtönd	4	12
Skúfönd	81	78
Æður	8	
Hávella	10	13
Toppönd	13	19
Lómur	15	10
Himbrimi	4	8
Flórgoði	29	31
Óðinshani	36	7
Kjóí	10	22
Hettumáfur	9	7
Stormmáfur	1	5
Svartbakur	1	
Sílamáfur		4
Kría	40	3
<b>Heildafjöldi fugla</b>	<b>454</b>	<b>722</b>
<b>Samtals tegundir</b>	<b>20</b>	<b>18</b>

### 4.3 Skúmur

Farnar voru tvær ferðir til að meta varpárangur skúma í Húsey á Úthéraði: 10. júní til að kortleggja varp og fjölda eggja í hreiðrum og 15. júlí til að telja unga. Auk þess vinnur Náttúrustofan að rannsóknum sem fela í sér að setja GLS og GPS staðsetningartæki á skúma í Húsey á vegum alþjóðlega SEATRACK verkefnisins (<https://seatrack.net/location/iceland/husey/>), nýir hreiðurfundir úr þeim ferðum voru skráðir og nýttir í þessu vöktunarverkefni líka.

Í fyrstu heimsókn við mat á varpárangri skúma var gengið um varpsvæðið í Húsey, skúmshreiður hnitsett og fjöldi eggja í hverju hreiðri skráður. Í þeirri heimsókn fundust 54 virk hreiður. Ellefu hreiður bættust við í SEATRACK ferðum 25. og 27. júní. Þann 15. júlí var farið í ungateit en þá fundust tveir ungar sem var ekki hægt að tengja við hreiðurstað auk tveggja nýrra hreiðra sem höfðu ekki fundist í fyrri ferðum. Í öðru hreiðrana var óklakið egg og í hinu einn dauður ungi og annar dúnungi nálægt því. Í heildina fundust því 69 virk hreiður. Af þeim voru 58 hreiður (84%) með tveimur eggjum, átta hreiður (12%) með einu egggi og þrjú hreiður (4%) þar sem fjöldi eggja í hreiðri var ekki talinn en hreiður skráð virkt vegna þess að það bar ummerki klaks eða ungar fundust í ungateit en hreiðrin þeirra fundust ekki. Meðalfjöldi eggja í hreiðri var 1,9 í þeim hreiðrum sem voru ýmist með eitt eða tvö egg (66 hreiður). Til að spá fyrir um klakdagsetningu eggja út frá eðlismassa var lengd, breidd og þyngd mæld í hlutsýni af eggjunum. Hámark klaks, þ.e. þegar meira en

helmingur eggja er klakinn, var þannig metið í lok júní og í takt við verkáætlun var miðað við að seinni heimsókn færi fram um hálfum mánuði eftir hámark klaks. Í ungateitinni þann 15. júlí voru ungar taldir og fundust þá 69 ungar á varpsvæðinu í Húsey. Þannig reiknast varpárangur 1 ungi per hreiður.

Sumarið 2025 taldist gott varpár, svipað varpárinu 2024, ef varpið er borið saman við niðurstöður árána 2022–23. Sumrin 2022 og 2023 reiknaðist varpárangur 0,7 og 0,4 ungar per hreiður. Mikið af dauðum ungum fundust árið 2023 og mikið af dauðum skúm í og við varpið í Húsey árið 2022. Sumarið 2022 var sýni sent til MAST sem staðfesti að fuglaflensa hefði geysað á svæðinu. Það er því jákvætt að varpið í Húsey hafi gengið betur síðustu tvö ár.



4. mynd. Skúmsungi á varpsvæðinu í Húsey.

## 4.4 Strandfuglar

Strandfuglar voru taldir 10. febrúar á fyrir fram völdum strandsvæðum í Berufirði og á Breiðdalsvík með sérstakri áherslu á straumönd, æðarfugl, toppskarar og dílaskarar. Megin markmið talninganna var að ná aldurs- og kynjahlutföllum í nægjanlegri sýnastærð til að meta stofnsamsetningu og viðkomu þessara tegunda. Um var að ræða endurtekningu á talningu á straumönd og æðarfugli á skilgreindum svæðum í Vetrarfuglatalningum NÍ. Svæðin sem talið var á eru Kambar – Selnes, norðan Breiðdalsvíkur; Skipeyri – Streitishvarf, sunnan Breiðdalsvíkur; Streitishvarf – Vatnsboði, austan Berufjarðar; Vatnsboði – Þiljuvallabót; Teigartangi – Langitangi, sunnan Berufjarðar. Strandlengjan innan skilgreindu svæðismarkanna var skoðuð með handsjónauka, leitað að straumönd og æðarfugli, fjöldi þeirra talinn og greindur eins og kostur var til kyns og aldurs (steggirnir). Samhliða talningunum á straumönd og æðarfugli var sérstök áhersla lögð á talningar skarfa þar sem vöktun á þeim hefur hingað til ekki náð til Austfjarða. Þær talningar voru ekki bundnar við svæði líkt og talningarnar á straumöndunum og æðarfuglinum, heldur voru skarfar taldir hvar sem þeir sáust í talningarleiðangrinum. Niðurstöður úr þessum talningum voru viðbót við niðurstöður úr Vetrarfuglatalningum NÍ, vöktun skarfa og vöktun Mývatns og Laxár (straumönd) og hefur því talsverð samlegðaráhrif. Upphaflega var miðað við tvær talningar, fyrri í september/október og seinni í febrúar samhliða talningum NÍ á skörfum. Vegna takmarkaðs fé til verkefnisins var einungis miðað við eina talningarferð í febrúar árið 2025 líkt og árið 2024.

## 5. Jarðminjar

### 5.1 Sleðbrjótsmelar í Jökuldal

Þann 17. október var haldið að Sleðbrjótsmelum í Jökulsárhlíð til að taka loftmyndir með flygildi. Svæðið er stórt og liggur norðan frá bænum Surtstöðum að bænum Sleðbrjót og þar niður að bökkum Jökulsár á Brú og inn aftur að Surtstöðum. Sleðbrjótsmelar eru á lista yfir aðrar náttúruminjar og tilheyrja svæði númer 640. Þar er svæðinu lýst sem „*Einhverjum merkustu jökulminjum á Héraði*“ og samanstendur af margvíslegum jökulmyndunum frá Ísöld, hólum, hryggjum og mörgum jökulkerjum sem sum eru vatnsfyllt.

Markmið heimsóknarinnar var að taka loftmyndir með flygildi af svæðinu til að fá heildstæða mynd af ástandi svæðisins sem væri síðan hægt að nýta við endurskoðun á C-hluta náttúruminjaskrár (5. mynd). Flogin voru fjögur flug yfir svæðið og var reynt að fljúga yfir miðbik dagsins þegar sól er sem hæst á lofti og minni líkur eru á að skuggar skerði gæði myndanna. Skipulag fyrir flygildið var útbúið svo hægt væri að búa til myndkort. Það var látið fljúga í 60 m hæð og fylgja hæðarlíkani Landmælinga Íslands, með 80% skörun fram á við og 70% skörun til hliðanna en þar að auki var notast við svokallaða „smart oblique“ tækni við myndatökuna. Alls voru loftmyndir teknar af 270 ha svæði. Öllum loftmyndum var skilað til NÁTT sem sér um frekari úrvinnslu og útbýr myndkort af svæðinu.



5. mynd. Yfirlitsmyndir úr flygildi af fjölbreyttu jökullandslagi Sleðbrjótsmela. T.v. sjást vatnsfyllt jökulker og t.h. sést jökulsorfin klöpp.

## 6. Ferðamannastaðir

### 6.1 Kreppulindir

Unnin var forkönnun með flygildi í Kreppulindum þann 5. september. Svæðið er ekki auðsótt og óvíst hve margir fara þar um. Til þess að komast þangað gangandi er bílum lagt við Kreppubrú og þaðan gengið norður Krepputungu yfir sanda og hraun þar til komið er í vinina. Í beinni loftlínu eru um 8 km frá brúnni í Kreppulindir. Á hverju sumri virðast þó einhverjir ferðalangar heimsækja lindirnar og því verðugt að fylgjast með því með tilliti til ágangs. Leiðin er þó ekki merkt en hver veit nema það komi til þess einn daginn.

Leiðin að lindunum eru sandar og hraun og þó fótspor sjáist í sandinum yfir sumarið þurrkast þau að mestu út yfir veturinn. Álagssvæðin voru þess vegna talin vera bundin við lindirnar sjálfar, tvo gróðursæla dali nyrst í Krepputungu þar sem er ferskvatnsuppspretta. Til tímasparnaðar var ákveðið að fljúga flygildinu af bakka vestan Jökulsár á Fjöllum, þar sem vegurinn kemst næst lindunum, og sitthvor dalurinn kortlagður. Skipulag fyrir flygildið var útbúið svo hægt væri að búa til myndkort. Það látið fljúga í 60 m hæð og fylgja hæðarlíkani Landmælinga Íslands, með 80% skörun fram á við og 70% skörun til hliðanna en þar að auki var notast við „smart oblique“ tækni við myndatökuna. Öllum loftmyndum hefur síðan verið skilað inn til NÁTT sem sér um frekari úrvinnslu og birtingu á kortasjá.



6. mynd. Loftmyndir af Kreppulindum þar sem m.a. sést hvernig ferksvatnið kemur undan úfnu hrauninu (t.v.) og hvernig ferksvatnið mætir Jökulsá á Fjöllum (t.h.).

## 6.2 Gerpissvæðið

Gerpissvæðið var friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2021. Það var ákveðið að það yrði í forgrunni vöktunar ferðamannastaða á Austurlandi. Samkvæmt langtímasamningi Náttúrustofunnar og NÍ hafa mismunandi svæði innan Gerpissvæðisins verið heimsótt á undanförunum árum. Náttúrustofan var í miklum samskiptum við bæði sérfræðing og landvörð Umhverfisstofnunar (UST) á svæðinu sumarið 2023 til að heyra hvaða svæði þeim þætti mikilvægt að heimsækja m.t.t. ágangs ferðamanna.

Í takt við þeirra ábendingar var því unnin forkönnun á gönguleiðinni frá Viðfirði í Vöðlavík um Nón- og Gerpisskarð ásamt því að mynda Nónskarð sérstaklega með flygildi. Nónskarð er gróið svæði en greinileg ummerki um ágang sáust enda klassískur staður til að stoppa og njóta útsýnisins. Fyrir nokkrum árum var gönguleiðin stikuð af landverði UST, en þegar fór að nálgast Gerpisskarð voru annarsskonar og eldri stikur á leiðinni.

Þann 19. ágúst var bíl skutlað í Vöðlavík þar sem var sameinast í einn bíl og keyrt í Viðfjörð, þaðan sem gangan hófst. Meðferðis var ferill frá leiðsögumanni sem fer reglulega með hópa þessa leið, en í ljós kom að ferillinn fylgdi ekki stikuðu leiðinni nema sumpart. Mestur munur á stikaðri leið og ferlinum var á leiðinni upp í Nónskarð en lögð var áhersla á að taka út stikuðu leiðina. Það gæti orðið mikilvægt að Náttúruverndarstofnun og leiðsögumenn svæðisins sammælist um leiðarval til að koma í veg fyrir að margir slóðar myndist. Samkvæmt Náttúruverndarstofnun tók Efla út svæðið fyrir þau í sumar í tengslum við Stjórnunar- og verndaráætlun svo slík skipulags vinna er enn í gangi.

Sumarið 2025 var ágangur á gönguleiðinni ekki orðinn mikill. Víða var göngustígurinn enn gróinn þar sem var yfir höfuð göngustígur. Öllum loftmyndum hefur verið skilað inn til NÁTT sem sér um frekari úrvinnslu og birtingu á kortasjá.



7. mynd. Efri myndir: Víða sást ekki marka fyrir stígnum (t.v.) en þegar ofar á gönguleiðinni var komið sást marka betur fyrir stígnum (t.h.). Neðri myndir: T.v. traðk í Nónskarði og gróðurhula farin á stóru svæði. T.h. útsýni til norðurs frá gönguleiðinni.

### 6.3 Ysti-Rjúkandi

Vettvangsathugun var framkvæmd 18. ágúst. Smá þoka og skúrir var fyrst þegar vettvangsathugun hófst en síðan létti til og þá myndaðist góður gluggi fyrir myndatöku með flygildi. Ysti-Rjúkandi var síðast heimsóttir sumarið 2021, forkönnun unnin á svæðinu og staðsetningar fyrir endurtekna myndvöktun valdar. Í ár var svæðið því heimsótt í annað sinn og ítarlegri úttekt unnin. Þrjú eyðublöð voru fyllt út, það voru: hentistígar og utanvegaakstur, ástandsgreining lagðra göngustíga með punktmælingum og kortlagning skemmda á göngustígum.

Töluverður fjöldi af ferðamönnum var á svæðinu á meðan unnið var að úttektinni og gengu sumir hverjir hliðarstíga. Svæðið var nokkuð illa farið, margir hentistígar sem liggja flestir ár megin við lagða stíginn og stór rof, aðallega þar sem landið var brattast (8. mynd).



8. mynd. Yfirlitsmynd tekin með flygildi sýnir þann mikla fjölda hentistíga sem liggur ár megin við lagða stíginn.

Árið 2021 var spurning hvort hliðarstígar hefðu verið notaðir áður en efni var borið í aðal stíginn en svo virðist sem hliðarstígarnir hafi margir hverjir versnað frá síðustu úttekt m.v. samanburð á ljósmyndum (9. mynd). Því virðist sem stígurinn sem var lagður komi ekki í veg fyrir að fólk gangi hentistíga nær árbakkanum. Að auki var efnið sem var borið í stíginn að miklu leiti runnið úr honum og sum staðar sáust þess merki þar sem grjótið var ýmist runnið í gróðurinn við jaðra stígarins, í bolla milli þúfna eða niður með hentistígnum. Á tveimur stöðum voru vatnsskemmdir í stígnum. Þar sem áður var skráð mikið traðk var staðan sú sama eða verri af ljósmyndum að dæma. Vert er þó að taka fram að það var úrkoma þegar vettvangsathugun var framkvæmd árið 2025 og þar sem moldin er ber var traðk ennþá sýnilegra. Stígur sem nær upp í hlíðina ofan síðasta útsýnispalls endaði að mestu leiti þar rétt ofan miðrar hlíðar eins og hún birtist við sjóndeildarhringinn. Þar voru nokkrar stikur sem virtust ekki mjög gamlar. Svo kannski er ekki að furða þó fólk gangi þarna. Við útsýnispallinn virðast margir ganga beint niður að ánni. Þar er rofabað sem rennur smám saman niður svo gróðurhulan er að mestu horfin og brekkan orðin enn berari en hún var 2021. Yfirlitsmyndir voru teknar af öllu svæðinu með flygildi en svæðið ekki kortlagt nákvæmlega til að búa til myndkort.



9. mynd. Samanburður á myndvöktunarpunktum milli árunna 2021 og 2025. Ennþá er mikið traðk utan stíga á svæðinu og ekki að sjá að ástandið hafi batnað neitt milli árunna.

## 6.4 Fardagafoss

Framkvæmd var vettvangsathugun þann 19. september af gönguleiðinni við Fardagafoss. Síðast var svæðið heimsótt árið 2021 og unnin forkönnun þar sem staðsetningar myndvöktunarpunkta voru ákveðnar. Þetta var því í annað sinn sem svæðið var heimsótt af Náttúrustofunni. Í ár var ítarlegri úttekt unnin á svæðinu og þrjú eyðublöð fyllt út, það voru: hentistígar og utanvegaakstur, ástandsgreining lagðra göngustíga með punktmælingum og kortlagning skemmda á göngustígum. Á að giska voru 10 manns á svæðinu allan tímann meðan úttektin fór fram og flest þeirra nýttu hliðarstíga til að komast nær gilinu. Mikið var um stóra fleti þar sem gróðurhulan var alveg horfin

vegna ágangs ferðmanna. Svæðið var illa farið, margir hentistígar sem lágu flestir ármegin við lagða stíginn og mikið um stór rofin svæði. Töluverð afturför hefur átt sér stað á svæðinu og lítið sem ekkert viðhald farið fram líkt og sjá má á tröppunum sem liggja niður að fossinum ef borin er saman mynd frá 2021 (10. mynd). Efnið sem var borið í stíginn var að einhverju leiti runnið úr honum og sáust þess merki þar sem efnið var runnið í gróðurinn við jaðra stígarins og niður hentistíga.

Svæðið var heimsótt aftur þann 6. október til að taka loftmyndir með flygildi sem hægt væri að vinna myndkort úr. Flygildið var látið fljúga í 60 m hæð og fylgja hæðarlíkani Landmælinga Íslands, með 80% skörun fram á við og 70% skörun til hliðanna en þar að auki var notast við „smart oblique“ tækni flygildisins við myndatökuna. Öllum loftmyndum var skilað til NÁTT sem sér um frekari úrvinnslu og útbýr myndkort af svæðinu.



10. mynd. T.v. mynd af stiganum árið 2025 og t.h. frá sama sjónarhorni árið 2021. Efsti hluti stigans hefur skolast í burtu.

## 6.5 Önnur svæði

Á þremur svæðum voru landverðir virkjaðir til að sinna endurtekinni myndvöktun innan sinna friðlýstu svæða. Í Kverkfjöllum og á Teigarhorni höfðu landverðir valið staði þar sem þeir töldu að ágangur ferðamanna væri mikill og nauðsynlegt að vera með endurtekna myndvöktun. Í Helgustaðanámu var stuðst við myndvöktunarpunkta sem NA hafði valið sumarið 2021. Stefnit er að því að landverðir á þessum svæðum sinni endurtekinni myndvöktun árlega og skili gögnum inn til NA. Gögnum hefur verið skilað inn frá öllum þremur svæðunum og myndum hlaðið upp á *fotoware*.

## 7. Hagamýs

Hagamýs hafa verið vaktaðar frá því árið 2023 og var árið 2025 því þriðja ár vöktunar hagamúsa á Austurlandi. Veiðarnar fóru fram dagana 22. – 27. september á sömu stöðum og fyrri ár (11. mynd).



11. mynd. Staðsetning gildrustöðva merktar með bókstaf A-J og númeri 1-10.

Settar voru út 100 lífgildir til veiða. Áður en gildirnar voru settar út voru fjórar matskeiðar af hafræfjum og ull til einangrunar settar í þær. Passað var uppá að ullin sem var notuð væri þurr og nóg af henni svo mýsnar gætu grafið sig inn og haldið á sér hita yfir nótt. Á fyrsta degi var gildrunum komið fyrir við hverja gildrustöð. Næsta dag var vitjað um gildirnar og athugað hvort mýs hafi komið í þær um nóttina. Vitjað var með sama hætti í fimm daga samfleytt og alltaf farin sama leið í hvert skipti svo engin gleymdist. Á fimmta degi voru gildirnar teknar inn, hreinsaðar og þurrkaðar, og komið fyrir í geymslu til næsta árs.

Ef mýs var í gildru var gildran opnuð ofan í kælibox og músin vigtuð, kyngreind og merkt með veiðidegi (12. mynd). Bútur úr hægra eyra var klipptur til að ná erfðaefni þegar mýs var fyrst veidd og fætur naglalakkaðir á eftirfarandi hátt til að geta greint endurveidda einstaklinga:

- Dagur 1: naglalakk framan á hægri afturfót (HAF).
- Dagur 2: naglalakk framan á vinstri afturfót (VAF).
- Dagur 3: naglalakk framan á hægri framfót (HFF).
- Dagur 4: naglalakk framan á vinstri framfót (VFF).
- Dagur 5: ekkert merki.

Starfsmenn stofunnar voru búnir að safna úrvali lita af naglalakki til að einstaklings merkja hverja mýs sem veiddist. Á hverri mýs var athugað hvort skógarmítlar væru til staðar og var leitað á eyrum, kvið, skottrót, augum og munnvikum. Einnig var saursýnum safnað fyrsta daginn fyrir

meistaraneina sem er að kanna fæðusamsetningu hagamúsa. Allar upplýsingar voru skráðar í feltbók: gildrustöð, kyn, þyngd, merki og annað. Músinni var síðan sleppt á sama stað og hún veiddist á. Gildran var fyllt á ný af höfrum og hreinni ull.



12. mynd. T.v. Búið að opna gildru ofan í kælibox og músin vigtuð. T.h. ítarlegri skoðun fer fram.

Veiðar í ár gengu mjög vel og veiddust í heildina 89 mús þar af voru 44 kvendýr og 45 karldýr. Sumar þeirra veiddust oft en einu sinni. Fyrsta dag veiða komu 22 mús, annan daginn veiddust 40 mús, þriðja daginn veiddust 46 mús, fjórða dag veiddust 53 mús og fimmta og síðasta daginn veiddust 61 mús.

Náttúrustofan setti einnig út tvær vettvangsmyndavélar (e. *camera trap*) til gamans svo hægt væri að fylgjast með umferð við gildrunar og sjá hvort þær myndu nýtast við vöktunina. Eitthvað náðist af myndefni af músum í og ofan á gildrunum (13.mynd).



13. mynd. Myndir úr vettvangs myndavélunum.

## 8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna

Verkefni um vöktun verndarsvæða á Austurlandi árið 2025 sem hér hefur verið gerð grein fyrir gekk vel og var í takt við verkáætlun. Líkt og fyrri ár samningsins má segja að áætlun um tíma til einstakra verkefna hafi almennt verið góð. Tímaáætlun fyrir gróðursnið, músavöktun og vöktun ferðamannastaða gekk nokkuð eftir. Þá gekk áætlun fyrir fuglarannsóknir að mestu eftir fyrir mófugla og vatnafugla talningar en tími var allt of knappur fyrir tvær skúma heimsóknir auk þess sem að tvær heimsóknir duga illa til að meta varpárangur. Það er einna helst að vöktun vegna jarðminja sé of naumt áætluð.

# NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Veffang: [www.na.is](http://www.na.is)